

355. fundur Skólanefndar FS

8. september 2021



Mættir: Bjarni Páll Tryggvason formaður, Ásrún Helga Kristinsdóttir, Einar Jón Pálsson, Helga María Finnbjörnsdóttir, Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir, áheyrnarfulltrúarnir Gunnar Valdimarsson og Guðmundur Rúnar Júlíusson og Guðlaug Pálsdóttir skólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

1. Upphaf annar.
2. Staða fjármála.
3. Önnur mál.

1. Upphaf annar.

Skólameistari sagði frá upphafi haustannar og breytingum á starfsliði. Nemendur í dagskóla eru tæplega 1000, þar af eru 234 nýnemar. Um 120 grunnskólanemendur stunda nám í einstökum áföngum. Skólameistari sagði einnig frá framkvæmdum og breytingum á húsnæði og kaupum á búnaði og tækjum. Einnig rætt um vinnu við Grænu skrefin, breytingar varðandi tölvumál og aðgerðir og brotthvarf nemenda vegna Covid.

2. Staða fjármála.

Skólameistari kynnti fjárhagsstöðu skólans sem er viðunandi. Þó þarf að hafa í huga að nemendaígildi eru óvenjumörg fyrir árið 2021 og það gæti breyst á næsta ári. Rekstrarkostnaður er um 1,7 milljarðar á ári. Almennt rætt um fjármál skólans og fjárveitingar til hans.

3. Önnur mál.

a) Guðmundur Rúnar formaður NFS sagði frá félagslífi og starfsemi nemendafélagsins. Þar er stefnt að því að vera með fjölbreyttari viðburði og ná þannig til fleiri. Almennt rætt um félagslíf nemenda og mikilvægi þess.


b) Skólameistari sagði frá því að sérstök vígsla viðbyggingar verður fyrir starfsmenn.

GCCr.
FAR GT
GU
B
HMF
GRT
HETS

c) Skólameistari sagði frá því að fram að Alþingiskosningum verður lögð áhersla á að hvetja nemendur til að fylgjast með kosningabaráttunni, taka þátt í skuggakosningum og kjósa.

Fleira ekki gert og fundi slitið.



Bjarni Páll Tryggvason, formaður



Ásrún Helga Kristinsdóttir


Einar Jón Pálsson


Helga María Finnbjörnsdóttir


Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir


Gunnar Valdimarsson


Guðmundur Rúnar Júlíusson


Guðlaug Pálsdóttir


Guðmann Kristþórsson, fundarritari